

okkur þá saman um, hvað það væri gaman fyrir okkur að taka nú á móti þér í fyrsta sinni sem jólagjöf. Að þessu búnu förum við með þig til pabba og mömmu. Síndum þeim þig, og báðum þau að lesa þig. Það gerðu þau líka strax, og sögðust þau bæði vera vel ánægð með þig sem byrjun barna-blaðs. Og viljum við því nú öll óska og vona, að við getum tekið á móti þér hér eftir eins glöð og ánægð með þig eins og við gerðum nú í þetta fyrsta skifti.“.....

Blaðið þakkar litlu stúlkunni fyrir góðar viðtökur og góðar óskir, og þá líka fyrir góðan greiða. Besti greiðinn, sem hægt er að veita „Börnunum“, er að taka vel á móti þeim og lesa þau. Litla stúlkan þessi las þau bæði fyrir sig og litlu systkinin sín. Það var fallega gert. Eldri systkinin eiga að lesa fyrir hin yngri, sem ekki kunna að lesa.

Það er gaman að hugsa sér systkinin í hóp utan um elsta systkinið, sem les fyrir hin. „Börnunum“ líður vel í slíkum hóp. Þau langar til að eignast marga slíka hópa á íslensku heimilunum í bæjum og út um bygðirnar, þar sem Íslendingar búa.

Þá er einn greiði enn, sem blaðið ætlar að biðja öll börn um, sem lesa það og þykir vænt um það, og það er að greiða fyrir útbreiðslu þess — fá foreldra til þess að kaupa það handa börnunum sínum. Börnin mín! Takið þið þá eftir auglýsingunni á síðustu blaðsíðunni og verið nú væn.

Afsakanir.

„Svo þú ætlar ekki til kirkju í dag, sonur minn!“—sagði faðir nokkur við drenginn sinn einn sunnudagsmorgun.

Nei, hann ætlaði ekki. Hann sagði, að söngurinn væri svo slæmur, sætin í kirkjunni svo hörð, kirkjan svo langt í burtu, og ræðan svo löng og leiðinleg, að hann gæti hreint ekki fengið af sér að fara.

Seinna um daginn gengur svo sami drengurinn þrjár mílur til að horfa á knattleik. Það finst honum ekki langt. Hann þykist góður að ná í sæti á stórum steini, sem var rétt við leikflóttinn. Og ekki fæst hann um, þó sætið sé hart. Óhljóðin, sem samfara eru leiknum, særa ekki heldur hið viðkvæma söngeyra hans. Énginn heyrir hann heldur kvarta yfir því, hve löng og leiðinleg blótsyrða-þula sú hafi verið, sem hann þar varð að sitja undir.

Því var drengurinn að skrökva upp ástæðum eða afsökunum fyrir því, að hann fór ekki til kirkju? Var það ekki vegna